

39. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja megi í eyði fjórar þurrabúðir á Ingjaldshóli.

1867.
25. júlí.

Með bréfi dagsettu 11. janúarmán. þ. á. hafð þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali, þar sem Tómas hreppstjóri Eggertsson, úbúandi á jörðinni Ingjaldshóli, er heyrir undir Arnarstapa umboð, sækir um, að sèr verði leyft að leggja niður að minnsta kosti fjórar af þeim 16 þurrabúðum, sem fylgja tæðri jörð. Hafð þér getið þess, að með því að hlutadeigandi úbúandi verður að ábyrgjast, að allt afgjaldið af Ingjaldshóli sè goldið, hvort sem hann getur leigt þurrabúðirnar eða fengið eptirgjaldið eptir þær, eða ekki, þá verði það ekki álitid nein rýrnun á jörðinni, þó þurrabúðunum sè fækkað, en miklu fremur lættir fyrir úbúandann, og hafð þér því lagt til með, að þegar búid sè að skila fjórum af þurrabúðunum af hendi í fullgildu standi eða með ofanálagi, er ákveðið sè af óvilhøllum mönnum, megi leggja þær í eyði, og selja húsin á opinberu uppboðsþingi, og færa síðan andvirðið til sem tekjugrein í reikningunum um tekjurnar af Arnarstapa umboði.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það og gjörði ráðstafanir þær, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fellst hær með á tillögur yðar í þessu efni, og vonumst vèr á síðan að fá ítarlega skýrslu um það, sem gjört verður því til framkvæmdar.

40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

24. ágúst.

Í bréfi dagsettu 14. nóvembermán. f. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort að Jón nokkur Guðmundsson, sem dó í Rosmhvalaneshrepp árið 1858, og þá líka ekkja hans og börn, eigi að álitast að hafa átt sveit, þegar hann dó, á Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, þar sem hann er fæddur, eða á Hrauhrepp í Mýrasýslu, þar

1867.

24. ágúst.

sem fæðingarhreppurinn ætlar að hann muni hafa áunnið sér framfærslurètt, en því neitar aptur Hraunhreppur.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að með því að ekki eru færðar sönnur á með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, að ofanefndur Jón Guðmundsson hafi dvalið svo langan tíma í Hraunhrepp, sem útheimtist samkvæmt 6. grein í reglugjörð 8. janúarmán. 1834 til þess að ávinna sér framfærslurètt, getur ekki hvílt nein skylda á greindum hrepp til að framfæra hyski hans eða endurgjalda Rosmhvalaneshrepp það, sem þar hefir lagt verið því til framfæris, og með því að ekki er heldur sannað, að Jón Guðmundsson hafi áunnið sér framfærslurètt í neinum öðrum hrepp, verður að snúa sér að fæðingarhreppnum í þessu efni.

24. ágúst.

41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um framfærsluhrepp sveitarómaga.

Með bréfi dagsettu 18. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal frá hreppstjórunum í Helgastadahrepp í Þingeyjarsýslu, þar sem þeir áfrýja til dómsmálastjórnarinnar úrskurði, er þér hafið kveðið upp 1. maímán. f. á., og ákveður, að Jón Sveinsson, sveitarómagi, eigi sveit á Helgastadahrepp.

Um þetta skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að úrskurður sá, sem þér hafið lagt á málið, skal standa óbreyttur.¹

¹) Úrskurður amtsins er svo látandi:

Útaf ágreiningi milli yðar og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, hafið þér, herra kanselliráð, borið undir úrlausn amtsins, hvort